

Aðalfundur hverfisnefndar Brekku og Innbæjar haldinn í Brekkuskóla 2. mars 2017.

Mættir úr nefnd: Inga Elísabet Vésteinsdóttir. 6 gestir.

Fundarritari: Kristófer Alex Guðmundsson

1. Skýrsla um störf nefndar síðastliðin 2 ár (sjá fylgiskjal)
2. Kynning á skiltum sem sett verða upp með vorinu við hvorn enda Menntavegs/Glötunarstígs og við hvorn enda Spítalastígs.
3. Greint frá viðhorfskönnun sem enn er í gangi meðal íbúa Innbæjar varðandi Draugaslóð á Akureyrarvöku. Könnunin er í dreifingu á facebook síðu Innbæjarins (opinni og lokaðri síðu) Snemmbúin samantekt á niðurstöðum bendir til þess að þátttaka íbúa fari dvínandi og kallað er eftir betra utanumhaldi. Meirihluti sé þó jákvæður í garð viðburðarins, en einnig jákvæður gagnvart því að færa hann í annan hluta bæjarins. Nánari niðurstöður verða teknar saman þegar könnun verður lokað.
4. Óskað eftir framboðum til stjórnarsetu. Engin gaf kost á sér. Tveir stjórnarmeðlima gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Formaður auk tveggja meðlima gáfu kost á áframhaldandi setu og nefndin stendur því saman af eftirfarandi:

Inga Elísabet Vésteinsdóttir

María Jónsdóttir

Sigmundur Magnússon

Verkum hefur ekki verið skipt meðal nefndarmanna.

5. Önnur mál: Frjálsar ábendingar/athugasemdir frá fundarmönnum. Umræður.
  - a. Bent á að ljósastaurar séu oftast en ekki bilaðir við grenndargáma við Skautahöll og Ráðhús. Því þarf að bæta út.
  - b. Bent á óþægindi tengd því að gler og málmgámum er víxlað þegar þeir eru tæmdir svo ekki hægt að treysta á sömu staðsetningu á milli þess sem fólk notar þá. Ekki mjög hentugt, sérstaklega ekki þegar ljósin vantar.
  - c. 12T þungatakmörkunarskilti vantar efst við Lækjargötu. Er aðeins við neðri enda.
  - d. Bent á að minnka þarf hraða umferðar um Lækjargötu.
  - e. Hugmynd um að marka betur upphaf Spítalastígs við Aðalstræti og Spítalaveg 1 t.d. með mjórri hellulögn sem leiðir vinalega áfram.
  - f. Bent á þörf fyrir gangstéttar sitt hvorum megin göngugötu til að bæta aðgengi og umferð gangandi, hjólastóla og barnavagna í göngugötu.
  - g. Bent á að akbraut við Ráðhústorg við Cafe Amour sé of þröng - þar geti stærri bifreiðar varla mæst. Þá séu lágu staurarnir til ama og valdi allt of oft skemmdum á bílum. Þyrfti að afmarka akbrautina með öðrum hætti og breikka hana ögn.

Er þessum athugasemdum hér með komið á framfæri.

Fylgiskjal

Skýrsla hverfisnefndar

Fyrsti fundur þessarar nefndar var 12. Maí 2015

Þar ræddum við verkefni sem við vildum ráðast í á því sumrinu.

- Stefnt var að hreinsunardegi og grilli um eftirmiðdag einhver laugardag á vordögum.
- Höfðum fengið til umsagnar deiliskipulagstillögu þar sem bæta átti við frístundabyggð efst í búðargili.
- Deiliskipulagstillaga fyrir menntaskólareit hafði borist til umsagnar.

Kvörtun vegna hávaða við Keiluna við Hafnarstræti komið á framfæri við skipulagsdeild bæjarins:

*Til þess er málið varðar*

*Íbúi við Hafnarstræti fór þess á leit við hverfisnefnd brekku og innbæjar að koma til skila á viðeigandi stað formlegri kvörtun vegna ónæðis er hann verður ítrekað fyrir og tengist veitingastaðnum Keilunni. Mikil umferð er um stæði staðarins, hávaði frá fólki sem stendur fyrir utan útidyr staðarins og hávaði frá keiluspili innan dyra langt fram yfir auglýstan opnunartíma – oftar en ekki fram yfir miðnætti.*

*Hverfisnefnd fer því hér með fram á að sjá rökstuðning á rekstrarleyfi staðarins, samþykktir um viðunandi hljóðmengun frá rekstrinum og upplýsingar um leyfðan opnunartíma. Ef þetta bréf nægir ekki til upptöku endurskoðunar á rekstrarleyfi biðjum við um að fá útlistað skriflega hvað þarf að liggja til grundvallar slíkri endurskoðun.*

*Með virðingu og vinsemd*

*Fyrir hönd hverfisnefndar innbæjar og brekku*

Bréf sent á viðeigandi stað. Engin svör fengust né upplýsingar um framvindu.

Fengum til umsagnar beiðni framkvæmdaraðila Aðalstræti 4 um að breyta lóðinni úr íbúðarhúsalóð í atvinnuhúsalóð. Við kynntum okkur alla fleti og sáum enga ástæðu til að hafna beiðinni. Flest gistihús bæjarins eru rekin á íbúðarhúsalóðum og er slík skráning því ekki forsenda atvinnureksturs í húsinu.

Í október barst beiðni um tilnefningu eins nefndarmanns til setu í vinnuhópi um tilhögun lokana göngugötu og listagils yfir sumartímann. Þeirri vinnu lokið, en nefndin hefur ekki fengið skýrslu eða upplýsingar um niðurstöður. Í vinnuhópnum sat fráfarandi ritari, Friðrik Örn Bjarnason 22. Des 2015

Til umsagnar ákvörðun um að fjölga hámarksfjölda íbúða í húsum á drottningarbrautarreit úr 12 í 16, leyfa svalainnganga og að fækka bílastæðum í bílastæðakjöllurum.

Til umsagnar deiliskipulagsbreyting vega hótélbyggingar. Krafa um bílakjallara felld út. Bílastæðum fækkað í heild um 6 stæði.

28.jan 2016

Áhyggjum af fækkun stæða lýst á opnum fundi sem haldinn var af skipulagsdeild bæjarins. Ekki talin þörf á formlegu erindi þar sem átti að taka saman þær athugasemdir sem kæmu fram á fundinum og skoða/taka tillit til. Einnig ítrekað mikilvægi þess að byggðin talaði við eldri byggð. Niðurstaða breyttist þó ekki við þetta og höfum við ekki rök á móti útreikningum um að þörf fyrir bílastæði væri fullnægt ofanjarðar. Nefndinni bærust engar athugasemdir í kjölfar fundarins og né óskir um mótmæli. Engar frekari athugasemdir gerðar.

Í maí á nýju ári var stefnt á hreinsunardag aftur, í byrjun júní að þessu sinni. Samþykkt á fundi að tíminn væri of knappur og hætt við.

Akureyrarvaka: Buðum uppá grjónagraft og slátur í Laxdalshúsi milli 11-13. Vel mætt og skemmtilegt í alla staði.

Ábending um umferðarmál í Álfabyggð/Suðurbyggð og því svæði. Ósamræmi í biðskyldu/hægri rétti. Nefndin ákvað að benda bæjaryfirvöldum á ósamræmið og leggja í þeirra hendur að endurskoðun á svæðinu, sérstaklega vegna mikillar umferðar um Álfabyggð tengt Dvalarheimilinu Hlíð.

Girðing umhverfis leikvöll í Innbænum

Sett í hönnun skilti við Menntaveg/Glötunarstíg - uppsetning með vorinu

Sett í hönnun skilti fyrir Spítalastíg - uppsetning með vorinu

Viðhorfskönnun meðal íbúa í Innbænum til viðburðarins Draugaslóð á Akureyrarvöku 2016.

Keypt hjólaskýli - hugmyndin að staðsetja hjá lystigarðinum með vorinu.

Á næstunni: Fundur um tillögu vinnuhóps um íbúalýðræði

15. Mars – skila inn áætlun um framkvæmdir næsta árs: 2 millj.